

1865.

7. marz.

tekjur þess brauðs séu eigi hærri en 450 rdl. eptir brauðamatsgjörðinni frá 1853, og ef enginn sækir um brauðið, eptir að kunngjört hefir verið á ný, að það sé laust, þá skuli stiptsyfirvöldunum þar að auki falið að fá sérstaklega einhvern mann, er hæfur sé til prestsskapar, til að sækja um embættið með þeim kjörum, er nú var sagt.

Þessi konungsúrskurður skal yður kunngjörður, herra stiptamtmaður, og yður, herra biskup, yður til leiðbeiningar og til þess að þér auglýsið hann.

9. marz.

18. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um styrk handa Íslendingi til að stunda dýralæknisfræði.

Í bænarskrá, er fylgir með bréfi þessu ásamt 3 fylgiskjöllum, hefir Snorri Jónsson frá Papey í Suðurmúla sýslu sókt um að fá árlegan styrk, 350 rdl. að upphæð, til þess að geta numið dýralæknisfræði við dýralækninga- og landbúnaðarháskólan hér í bænum; hefir hann í janúarmánuði þ. á. aflokið hinu fyrirskipaða undirbúningsprófi við háskólann, og er áform hans seinna meir að hverfa aptur til átt Haga sinna og fást þar við dýralækningar.

Með því að greiða ætti styrk þenna úr jafnaðarsjóði norður- og austurumdæmisins, eins og vikið er á í bænarskránni, þar sem vísað er til bréfs dómsmálastjórnarinnar, dags. 23. janúarmán. 1858¹⁾, og dómsmálastjórnin, samkvæmt því sem tekið er fram í bréfi því, er nú var nefnt, hlýtur að álíta það mjög æskilegt, ef beiðandinn yrði styrktur til þess að nema dýralæknisfræði, eruð þér, herra amtmaður, beðnir um að skýra frá, hvort nokkuð sé því til fyrirstöðu, að honum sé veittur styrkur sá, sem hann hefir sókt um, úr jafnaðarsjóði norður- og austurumdæmisins.

¹⁾ Smbr. Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands I., 206.

Fylgiskjölin eruð þér beðnir að senda aptur með svari yðar, og vonumst vér, eins og ástatt er, eptir að fá það sem fyrst.

1865.
9. marz.

19. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannanna á Íslandi, um að fækka hundum á landinu.

10. marz.

Af riti því, sem dr. Krabbe hefir samið og útbýtt hefir verið á Íslandi að tilhlutun dómsmálastjórnarinnar, og svo heitir: „Athugasemdir handa Íslendingum um sullaveikina og varnir móti henni“, munuð þér, herra amtmaður (stiptamtmaður) hafa komizt að raun um, að menn hafa komizt að þeirri niðurstöðu af vísindalegum lækna rannsóknum á hinum seinustu árum, að orsökkin til sjúkleika þessa bæði hjá mönnum og skepnum sé sú, að egg úr bandormunum í hundunum berast inn í líkamann. Með því að svo má ætla, að sjúkdómur þessi mundi verða sjaldgæfari, ef fækkað væri hinum óþarfa grúa af hundum á Íslandi, hefir dr. Krabbe stungið uppá því í skýrslu sinni til dómsmálastjórnarinnar um ferð sína til Íslands árið 1863, til þess að rannsaka sullaveikina: að komið sé reglu á um hunda-eign manna á Íslandi, annaðhvort á líkan hátt og lengi hefir átt sér stað á Færeyjum; en þar er bannað í tilskipun frá 2. aprílmán. 1698 að hafa fleiri hunda, en sýslumaður og beztu menn í sveitinni álíta að þörf sé á, eða þá á þann hátt, að lagður sé skattur á hunda um allt Ísland, svo að ekki séu hafðir fleiri hundar en ekki verður án verið. Dómsmálastjórnin skrifaðist á við hið konunglega heilbrigðisráð útaf skýrslu dr. Krabbes, og hefir fengið frá því álitsskjal frá manni, sem hefir einkar vel vit á þessu málefni; en það er Steenstrup, kennari í dýrafræði við háskólann í Kaupmannahöfn. Hefir hann auk annars sagt: að þaræð hundarnir séu hin fyrsta undirrót sullaveikinnar, sé það vitaskuld, að þó ekki sé unnt að eyða undirrót svo mikilla meinsemda að fullu og öllu, beri þó að einskorða hana svo mjög sem auðið er; að hann sé dr. Krabbe öldungis samdóma, og leggi til með því, að fylgt sé fram uppástungu